

Stjórnarfundur FKA #9



Starfsár: 2024-2025

Staður: Teams

Dagsetning: 06.02.2025

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Grace Achieng (GA), Guna Mežule (GM), Helga Björg Steinpórsdóttir (HBS), Jasmina Vajzovic Crnac (JVC), Sandra Yunhong She (SYS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdastjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Andrea Ýr Jónsdóttir, Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir

Fundargerð:

12:00-12:15	1	Opnun – einn stuttur hringur
12:15 – 12:25	2	Skýrsla framkvæmdastjóra (AR) Skýrsla framkvæmdastjóra Fréttir af hittingi fyrstu stjórnar FKA með nýrri stjórn eru komnar á netið Búið að deila fréttum af viðurkenningarhátíð Fjárhagur svipaður og á þessum árstíma. Innheimta er ekki að ganga mjög vel og ógreidd félagsgjöld upp á 7m. Fundur með kók á morgun um áframhaldandi samstarf. Stjórnarkonur minntar á að skrá sig á viðburði NI kynning framundan Hlekkur fyrir skráningu á nýliðakynningu virkar ekki
12:25-12:40	3	Viðurkenningarhátíð 24. janúar, Minnisblað (AR), hvernig gekk og hvað mætti betur fara (allar einn hringur) Minnisblað frá framkvæmdastjóra er í vinnslu. Viðtöl við viðurkenningarhafa í gangi, m.a. Podköst Samtal hafið við Grand um viðurkenningarhátíð næsta árs. Í ár var viðurkenningarhátíð á miðvikudegi, sem þýddi að FKA blaðinu var ekki dreift frítt í öll hús á fimmtudegi en á móti var viðtal við viðurkenningarhafana sjálfa í

		fimmtudagsblaðinu. Umfjöllun í blöðum var mjög góð og framkvæmdastjóri búin að hafa samband við öll fagfélög Stjórn mun hittast í lok febrúar með öllum viðurkenningarhöfum. Stjórnarkonur ræddu viðurkenningarhátíðina og hverju má huga að fyrir næsta ár. GHJ ætlar að taka saman leiðbeiningar fyrir formann dómnefndar viðurkenningarhátíðar eftir sína reynslu.
12:40-12:45	4	Viðburðir framundan (AR) Farið yfir viðburði sem eru framundan.
12:45-12:55	5	Sýnileikadagur (AR,GA, ISS) GA er fulltrú stjórnar á Sýnileikadegi Vörður er stuðningsaðili Sýnileikadags samhliða Arion Fundur með nefnd mjög fljótlega
12:55-13:00	6	Hækkun árgjalds FKA (UEA) Umræður innan stjórnar um hækkun árgjalda næsta árs en á síðasta aðalfundi var samþykkt óbreytt upphæð félagsgjalda. Rök með hækkun nú eru meðal annars almennar verðlagshækkunarir og þau að félagsgjaldið verði áfram að standa undir rekstri félagsins. Einnig var ræddur sá vinkill að í samanburði við það sem önnur félagasamtök eru að gera og innheimta, t.d. fyrir stakan viðburð þá eru ríflega 30 þúsund í félagsgjald FKA ekki há upphæð.
13:00-13:20	7	Lagabreytingar fyrir aðalfund, framfylgni laga, kjörstjórn, fundarstaður, fundarstjóri o.fl (UEA) UEA kallar eftir að stjórnarkonur yfirfari lög félagsins og komi með ábendingar. Jafnframt að lögsögukonur verði fengnar til að yfirfara lög fyrir aðalfund. Fundarstaður verður í Borgartúni 35, kjörstjórn sú sama og í fyrra. Óskað er eftir hugmyndum um fundarstjóra. Tvær konur voru nefndar

13:20-13:30	8	Önnur mál a) Tækniráð Nokkrar sem buðu sig fram í nýtt tækniráð. Tvær mættu á startfund. Gengur illa að fá konur til að taka verkefni þrátt fyrir góðar fyrirætlanir. AR ræði tæknimálin. Í bili er einungis verið að sinna því sem kemur upp b) AWE Það komu 80 umsóknir og 40 verkefni voru valin til þátttöku Byrjaði formlega 30.janúar. Grace ætlar að setja meira á Instagram FKA Suðurnes ætla að bjóða AWE konum heim c) Kvennaár 2025 30.01 var haldið ball í Iðnó sem GHJ og UEA mættu á. Komin drög að dagskrá ársins 2025 d) Ráðstefna SP í NY Hefst 10.03.25 og UEA og GA munu fara. GA fékk samþykktan styrk til ferðarinnar en UEA greiðir hana úr eigin vasa. Dagskráin verður birt eftir 20.02. e) Alþjóðadagur kvenna GA segir frá því að Kauphöllin verður með viðburð 07.03 með breyttu sniði. 40 mínútna panel umræður. f) Instagram AR vill að stjórn læri betur á Instagram og leggur til að fá GM til að vera með kennslu.
-------------	---	--

Fundi slitið klukkan 13:34

Fundargerð ritaði Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir